

# Spá 40-50 m/s í dag

Það er spáð kolvittlausu veðri í dag og nótt, að því er fram kemur á [Mbl.is](#). Á Ströndum og Norðurlandi vestra tekur gul viðvörðun gildi klukkan 13.00 og gildir til 10.00 í fyrramálið. Þar er spáð suðvestan 15-25 m/s með vindhviðum 35-45 m/s við fjöll, hvassast á Ströndum og í Skagafirði. Á Norðurlandi eystra tekur gul viðvörðun einnig gildi klukkan 13.00 en gildir til klukkan 11.00 á morgun. Um er að ræða suðvestan 15-25 m/s með 40-50 m/s vindhviðum við fjöll, hvassast á Tröllaskaga. Er þetta varhugavert ökutækjum sem taka á sig mikinn vind. Ferðalangar eru beðnir um að fara varlega.

Mynd: Veðurstofa Íslands.

Texti: Mbl.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.